

ÞVERÁRKIRKJA

Jón Hálfðanarson tók saman í febrúar 2014

Sunnudaginn 24. ágúst 2014 klukkan 14 verður hátíðarmessa í kirkjunni að Þverá í Laxárdal. Þá verður umfangsmiklum endurbótum á kirkjunni fagnað. Það er því ekki úr vegi að rifja upp fyrri athafnir í kirkjunni og ýmislegt úr sögu hennar.



Jón Jóakimsson (1816-1893) kirkjubóndi

Í Kirkjuritinu 1. tölublaði 1959 er eftirfarandi frásögn:

Þveráarkirkja í Laxárdal.

Ár 1958, sunnudaginn 24. ágúst, var prófasturinn í S.-Þingeyjarprófastsdæmi, séra Friðrik A. Friðriksson, staddur að Þverá í Laxárdal, samkv. ósk sóknarprests og sóknarnefndar, til þess að taka þátt í guðspjónustu og hátíðahaldi í tilefni þess, að Þveráarkirkja er nú 80 ára og hefir hlotið gagngera aðgerð.

Kirkjan var fullsetin af sóknarfólki og gestum, sem sumir voru langt að komnir — fyrrv. dalbúar og ýmsir afkomendur Jóns Jóakimssonar, sem reisti kirkjuna. Prófastur prédikaði. Séra Örn Friðriksson á Skútustöðum og prestur kirkjunnar, séra Sigurður Guðmundsson, þjónuðu fyrir altari. Friðrik Jónsson, bóndi á Halldórsstöðum, Reykjadal, sem um alllangt skeið hefir verið organisti kirkjunnar, annaðist orgelleik.

Eftir messu flutti sóknarpresturinn erindi um Þveráarkirkju að fornu og nýju. Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, bóndi í Kasthvammi, minntist prestanna, sem þjónað hafa söfnuðinum í tíð þessarar kirkju. Hallgrímur Þorbergsson, bóndi að Halldórsstöðum í Laxárdal, bar fram þakkir safnaðarins fyrir þá ágætu viðgerð, sem fram hefir farið á kirkjunni.

Kirkjueigandinn, sem kostað hefir viðgerðina, Jónas Snorrason hreppstjóri, fór nokkrum orðum um upphaflega smíði kirkjunnar og síðari viðgerðir (lýsti t. d. hinu örðuga grjótnámi í eystri dalbrún og flutningi grjótsins á sleðum að vetri til, en á hestum að sumri, er birgðir reyndust ónógar; gat þess, að kirkjan væri ögn lægri en áætlað var, vegna grjótpurrðarinnar).

Sungið var á milli þessara þátta við orgelleik Ragnars H. Ragnars frá Ljótstöðum, organista á Ísafirði. Tilkynnt var, að ungmennafélag dalsins mundi gefa kirkjunni þjóðfánann, en börn Jóns („Þveræings”) Jónssonar, Jóakimssonar, mundu gefa henni skírnarskál eða font. Að lokum bauð kirkjubóndi öllum viðstöddum til rausnarlegra veitinga.

Aðgerðin fór fram síðastl. sumar. Að henni unnu einkum Áskell Jónasson, Þverá (sonur kirkjubónda), og Benedikt Jónsson, rafveitustarfsmaður í Húsavík (dóttursonur Benedikts frá Auðnum Jónssonar, Jóakimssonar). Að utan var kirkjan hreinsuð öll (t. d. af mosagróðri) og hvítmáluð. Þak (einnig turnþak) rauðmálað. Gert var við vindhana á turni (með byggingar-ártali kirkjunnar).

Að innan var gert við skellur, sem dottnar voru á múrverk kirkjunnar kringum glugga og við gólf; var það allvandasamt verk, því að kirkjan er byggð úr sandsteini og límd kalki. Gluggagrindur (úr járn) voru hreinsaðar og málaðar ryðvarnarmálningu, sprungnar rúður og brotnar endurnýjaðar, og lituð gler sett í glugga yfir altari. Kirkjan og fastir munir hennar voru máluð í hinum upprunalegu litum, svo nákvæmlega sem unnt var. Verka varð alla gamla málningu af bekkjum, prédikunarstóli (nema spjöldum), grátum og altaristöfluumgerð. Bekkjaseturnar voru málaðar ljósbrúnar, en bekkir að öðru leyti rauðbrúnir. Spjöld öll á prédikunarstóli og altari héldu upprunalegri málningu. Stjörnur voru teknar niður af hvelfingu og gulmálaðar, hvelfingin síðan blámáluð. Altaristöfluumgerð blá með brúnum og gylltum listum. Kirkjusvalir hvítar sem meginkirkjan. Gólf grátt. Settar voru nýjar súlur, steinsteyptar, hvor sínu megin við kirkjudyr.

Þannig er Þveráarkirkja nú að sjá sem ný, utan og innan, og öll hin vistlegasta. Þess ber og að geta, að nýlega hefir verið steipt upp girðing á vesturhlið kirkjugarðs og máluð.

Friðrik Friðriksson.



Þverá í Laxárdal 1962. Á myndinni eru frá vinstri Jónas Snorrason kirkjubóndi, Jón Víðis landmælingamaður og Már Viðar Másson. Jón litaði myndina.

Það man ég að sunnudaginn 24. ágúst 1958 var blíðskaparveður á Þverá. Sól skein í heiði og léttur andvari fór um dalinn. Í kirkjunni sat ég við hlið Jóhanns Skaptasonar, sýslumanns, og móðursystur minnar Sigríðar Víðis Jónsdóttur, konu hans.

Kirkjan var þéttskipuð. Og körlunum mæltist feikilega vel! Og þeir töluðu lengi! Ég fylgdist með flugum leika sér í sólargeisla í kirkjuglugganum og taldi niður sálmana í messunni. Þá var ég ellefu ára og horfði löngunaraugum á krakkana fyrir utan, sem ekki höfðu komið í fylgd sýslumanns og voru því úti en fengu ekki pláss inni.

En eftir athöfnina rann sætabrauðið í gamla bænum ljúflega niður.

Fréttir um afmæli kirkjunnar bárust yfir hafði alla leið til Kanada. Í Fréttabréfi úr Suður-Pingeyjarsýslu sem birtist í blaðinu Lögbergi 2. október 1958 var eftirfarandi kafli:

Þann 24. ágúst í sumar var minnst 80 ára afmælis Þverárkirkju í Laxárdal. Þetta er steinkirkja, sem Jón Jóakimsson, þá bóndi þar, lét byggja.

Áður höfðu allar kirkjur á Þverá verið úr torfi, eins og tíðkast hafði á Íslandi öldum saman. Ég segi „allar kirkjur á Þverá” vegna þess, að stöðugt þurfti að byggja upp torfkirkjuna, því að ekki var efnið varanlegt. Á Þverá var hof í heiðnum síð, en kirkja eftir kristnitöku og var hún helguð Sankti Pétri. Bóndinn á Þverá átti hofið og síðan kirkjuna, og svo hefur jafnan verið. Eru slíkar kirkjur hér kallaðar „bændakirkjur.”

Eftirtektarvert er það, hversu mikil vinna fór í það að byggja steinkirkjuna fyrir 80 árum. Þverá stendur vestan við Laxá, en eini steinninn, sem hægt var að nota, var austan við ána. Þar voru klappir, og voru þær fyrst sprengdar með púðri, svo var steinninn höggvinn til, og loks fluttur á sleðum yfir ána um veturinn. En þegar farið var að hlaða kirkjuna kom í ljós, að ekki var nóg af steini, svo að sprengja varð meira og höggva til, og þá steina varð að flytja á hestum yfir ána um sumarið, en þeir eru um hálf tónn á þykkt.

Þeir sem haldið hafa kirkjuna eftir Jón Jóakimsson eru Jón Þveræingur, sonur hans (faðir fyrri konu Hálfðans Eiríkssonar Þorbergssonar), Snorri bróðir Jóns, og svo Jónas Snorrason, núverandi bóndi á Þverá. Jónas hafði látið gera við kirkjuna og mála hana innan og utan fyrir afmælið og er það allt mjög smekklega gert.

Margir gestir voru við Þverárkirkju 24. ágúst, sumir langt að, þar á meðal Ragnar H. Ragnar og kona hans, en Hjálmar faðir Ragnars var organisti í Þverárkirkju um 50 ára skeið.

Gamli bærinn á Þverá er einn af þeim fáu torfbæjum á Íslandi sem enn er búið í, og er honum fjarskalega vel haldið við. En Jónas ráðgerir að byggja nýtt steinsteypuhús á næsta sumri og á það að standa sunnan og neðan við kirkjuna.

Í Laxárdal eru alls 58 manns, þar með talin börn. Tveir bæir þar eru nú komnir í eyði: Hamar og Brettingsstaðir, en tvö nýbýli hafa verið reist: eitt í Kasthvammslandi og heitir Árhvammur og annað í Hólalandi.

**Aðalbjörg Johnson.
Hvoli, Aðaldal,
S.-Pingeyjarsýslu.**

(Aðalbjörg fluttist með móður sinni og systur vestur um haf árið 1902, þá barn að aldri og settust mæðgurnar að í Baldur, Manitoba. Árið 1930 kom Aðalbjörg tilbaka sem fréttaritari fyrir Free Press til að rita um hátíðarhöldin vegna þúsund ára afmælis Alþingis. Ári síðar fluttist hún alfarin til Íslands. Nokkru síðar kynntist hún manni sínum Bjarna Gunnlaugssyni. Þau bjuggu að Hvoli. Aðalbjörg skrifaði reglulega í vestur-íslensku blöðin.)

Enn rann upp hátíðarstund en nú tuttugu árum seinna. Í Tíðindum Prestafélags hins forna Hólastiftis 5. tölublað 1984 er undir fyrirsögninni Þverárkirkja í Laxárdal 100 ára eftirfarandi frásögn:

Á Þverá í Laxárdal í Suður-Pingeyjarsýslu er steinkirkja reist 1878. Kirkjan er eina bændakirkjan í prófastsdæminu.

Þegar þessi kirkja var reist, var Jón Jóakimsson bóndi á Þverá. Hann lét sér mjög annt um kirkjuna og vildi reisa veglegt hús. Grjót var losað úr Hólabrekkum austan Laxár og tilhöggvið. Síðan ekið á ísi heim að Þverá. Hefur þetta verið erfitt verk og dýrt. En verkinu miðaði vel. Og árið 1878 var kirkjan fullbúin. Ekki er vitað um vígsludag eða hver vígði. Líklegt er, að prófasturinn sr. Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstað hafi framkvæmt vígsluna.

Til er lýsing á kirkjunni frá 3. jan. 1880 gerð af Benedikt Jónssyni á Auðnum, syni Jóns á Þverá.

Hefst hún þannig: „Kirkja þessi er byggð af höggnu móbergi og límd með kalki. Hún er innanmáls 12 1/3 alin á lengd og 8 1/4 al. á breidd. Turn er á henni, er hann 2 3/4 al. á hvern veg að innanmáli og 4 3/4 al. á hæð. — Upp úr toppi turnsins, sem er jafn dreginn á fjóra vegu er stöng með þremur húnnum og veðurvita. Í turni er búið um tvær klukkur í ramböldum.”

Lýsingunni lýkur með þessum orðum: „Allur frágangur á kirkjunni bæði hvað múrsmíði og timbursmíði snertir er hinn vandaðasti og verkið prýðilega af hendi leyst.” Allur innbúnaður kirkjunnar var nýr og smíðaður að mestu eða öllu af Jóni bónda Jóakimssyni.

Altaristafla ný kom í kirkjuna um þetta leyti máluð af Arngrími Gíslasyni frá Skörðum.

Kirkjunni hefur alltaf verið haldið vel við. Að utan er hún hvítmáluð og að innan eru veggir hvítir, en hvelving blá með stjörnum. Alltaf hefir verið gert við skemmdir er koma fram, einkum í múrhúðun kringum glugga. Kirkjan er nú raflýst og rafhituð.

Heimamenn á Þverá hafa alltaf látið sér annt um kirkjuna. Í öllum vísitasíum frá upphafi til þessa dags er tekið fram að kirkjan sé vel hirt og umgengni sérlega góð. Enda eiga allir kirkjubændur á Þverá þessi hundrað ár sammerkt í því að vera sérstakir hirðumenn og snyrtimenn hinir mestu. Og hlutur húsfréyjanna á Þverá er síst minni. Gestrisni hefur ætíð verið til fyrirmyndar við kirkjugesti á Þverá.

Þverársókn hefur alltaf verið fámenn. Þegar kirkjan var reist 1878 var tæplega 130 manns í sókninni. Hin síðari ár hefur fækkað mjög. Á hundrað ára afmæli kirkjunnar voru þeir um 30 og gjaldskyldir sóknarmenn 18. Og enn hefur fækkað. Er þetta nú fámennasta sókn prófastsdæmisins.

Þann 3. sept. 1978 var minnst aldarafmælis kirkjunnar. Mættir voru átta prestar og á annað hundrað manns víða að. Sr. Sigurður Guðmundsson prófastur predikaði, en altarisþjónustu ásamt honum önnuðust sr. Bolli Gústavsson og sr. Gylfi Jónsson. Organisti kirkjunnar, Friðrik Jónsson frá Halldórsstöðum í Reykjadal, sá um sönginn. Friðrik hefur verið organisti Þverárkirkju síðan 1947.

Í messulok var saga kirkjunnar rakin í stuttu máli af formanni sóknarnefndar og kirkjubónda Jóni hreppstjóra Jónassyni. En Jón Jóakimsson var langafi hans. Gunnlaugur Tr. Gunnarsson bóndi í Kasthvammi minntist allra þeirra presta sem þjónað hafa Þverárkirkju s.l. hundrað ár.

Eftir hátíðarmessuna var öllum kirkjugestum boðið til kaffidrykkju heima á Þverá í boði húsráðenda þar, Höllu Jónsdóttur og barna hennar. En slíkt er gert í hvert sinn sem messað er á Þverá. Halla Jónsdóttir húsfréyja á Þverá er komin hátt á níræðisaldur. Hún hefur í marga áratugi látið sér mjög annt um kirkjuna og annast hirðingu hennar af frábærri natni.

Kirkjunni bárust margar góðar gjafir á afmælinu.

Litla, fallega kirkjan á Þverá stendur sem fagurt vitni um ræktarsemi þeirra er reistu. Hún kallar til sín fólkið í dalnum til að boða því kærleika, fegurð og frið.

Sr. Sigurður Guðmundsson.


Séra Sigurður hefur ekki vitað að kirkjubóndinn Jón Jóakimsson hélt alla tíð dagbók svo það er ekki á huldu hvenær Þverárkirkja var vígð. En í dagbók Jóns sem varðveitt er á Héraðsskjalasafninu á Húsavík stendur:

September 1879.

3. Verið ýmislegt að gera við kirkjuna, fernísera sæti, mála lúkur og margt fleira.

7. Gott og bjart veður, en frost í nótt. Var messað hjer og vígð kirkjan. Var hjer mesti fjöldi af fólki, úr öllum áttum, mun hafa verið frá 220-250 alls, komst flest inn. Sagðist presti ágætlega. Töfðu hjer nokkrir fram á kvöld, nefnil(ega) prófastur, Guðjónsen í Húsavík og þjónar hans og þáðu góðgerðir, mat og vín. Öðru fólki gefið kaffi og brauð, það sem hægt var yfir að komast, þó margir yrðu eftir.

Eftir dagbókinni að dæma hafa menn verið full óþolinmóðir og verið ári of snemma á ferðinni þegar þeir héldu upp á 80 ára afmæli kirkjunnar 1958. En þá hefði ég heldur ekki getað setið fagnaðinn því sumarið eftir var ég kominn í sveit í Langadal í Austur-Húnavatns-sýslu.



Dagbók Jóns Jóakimssonar. Hér segir frá landskjálftanum mikla á Húsavík 18. apríl 1872: "og allt fólk á bakkanum húsvalt, og bjargarlaust,..."

Í baðstofunni á bænum á Þverá sá fyrsta kaupfélagið á Íslandi dagsins ljós 20. febrúar 1882.

Þórður Guðjohnsen, faktor hjá Ørum og Wulff, sótti kirkjuvígsluna frá Húsavík með þjónum sínum. Þeir Jón voru góðir kunningjar. En þegar fór að slá í brýnu milli kaupfélagsmanna og dönsku verslunarinnar á Húsavík vönduðu synir Jóns, þeir Snorri og Benedikt, Þórði ekki kveðjurnar. Í bréfi skrifar Benedikt 1883: „það er óumræðilega hlægilegt að sjá hvernig verslunarsálin á Húsavík lemst um á hæl og hnakka að drepa félagið;....”



Synir Jóns Jóakimssonar: Benedikt, Snorri og Jón

Um upphaf kirkjubyggingarinnar segir í dagbók Jóns Jóakimssonar:

Október 1876.

22. Kom sóknarnefnd hjer saman, eftir bón minni, til að ræða um kirkjubygginguna hjer. Voru allir á því að byggja þyrfti hana, en af hverju efni, nefnilega torfi, trje eða steini, voru ekki allir á sama máli. Voru allir á því að byggja hana af grjóti, sandsteini, sem fá má nóg af hjer á móts við í Hólalandi, nema Þórarinn á Halldórsstöðum, sem vildi lítið leggja til þess. Áskildi jeg við sóknarmenn að kosta byggingu kirkjunnar að veggjum, nefnil(ega) alla vinnu á þeim, og var því ekki mótmælt af neinum nema Þór(arni). Ákveðið að taka upp grjót á morgun.

23.-27. Blíðasta tíð og sunnanátt, stundum hvass. Sóknarmenn að taka upp og kljúfa grjót yfir í klöppum, og við það daglega 7-9 manns. Hættu því í kvöld.

Og var framkvæmdin dýr? Samkvæmt byggingarreikningi kirkjunnar kostaði hún í allt 3500 krónur. Dagskaup verkamanna í Reykjavík var á þessum tíma 2 krónur. Jón Jóakimsson reiknar vinnu heimamanna við kirkjubygginguna á 1,35 krónur á dag. Í þeim hópi var drygstur Jón Þveræingur, sonur hans, sem sjálfur varð kirkjubóndi í örfá ár áður en hann flutti suður með fjöldskyldu sína. Fyrir fæði smíða og verkamanna reiknar Jón 1 krónu á dag.

Árið 1880 var farið að reisa Alþingishúsið í Reykjavík. Þá um vorið var keyptur undir húsið kálgarður Halldórs yfirkennara Friðrikssonar. Var samið um að hann skyldi fá 2500 krónur fyrir lóðina.



Áskell Jónasson við kirkjugarðsvegginn

*Í Morgunblaðinu 23. mars 2001 er enn sagt frá framkvæmdum á Þverá. Fyrirsögn grein-
arinnar er **Kirkjugarðurinn á Þverá í Laxárdal endurhlaðinn:***

Laxamýri - Miklar endurbætur hafa verið gerðar á kirkjugarðinum á Þverá í Laxárdal S-Ping., en norður- og austurhlið garðsins hafa verið endurhlaðnar. Þá hefur garðurinn verið stækkaður til norðurs en hann var að mestu útgrafinn og því plásslítill. Á komandi sumri stendur til að halda áfram verkinu, en það er þá einkum suðurhliðin sem á að gera upp.

Það er Áskell Jónasson bóndi sem hefur haft umsjón með verkinu en til þess þurfti mikið af grjóti, m.a. afgangna úr kirkjunni sem ekki voru notaðir þegar hún var byggð.

Þverárkirkja er merkilegt hús úr höggnu móbergi og var kalklímd, en það var árið 1878 sem hún var byggð af Jóni Jóakimssyni, þáverandi bónda á Þverá og langafa Áskels. Grjótið var flutt austan úr heiðinni hinum megin við Laxá þegar hún var ísi lögð og má ætla að það hafi verið mikið verk að höggva til allt þetta grjót og koma því heim að Þverá.

Þverárkirkja er enn bændaeygn og er Áskell eigandi hennar. Kirkjan þykir hið fegursta hús, en á henni er turn og í honum búið um tvær klukkur með ramböldum. Hún er með gullstirnda hvelfingu og í henni er gömul altariastafla eftir Arngrím Gíslason málara. Hann mun hafa dvalið í Laxárdal um skeið, en foreldrar hans bjuggu um tíma á Auðnum.

Nokkrum sinnum hefur verið gert við kirkjuna, síðast 1957, og var hún þá m.a. máluð að utan og innan og litaðar rúður settar í austurstafnglugga. Að sögn Áskels hefur kirkjan ekki miklar tekjur þar sem svo fátt fólk býr í sókninni, en fjármagn til framkvæmdanna nú hafi fengist úr kirkjugarðasjóði þannig að hægt verður að ljúka verkinu.

Á Þverá í Laxárdal er kunnur torfbær sem Áskell ólst upp í og fækkar nú þeim Íslendingum sem alist hafa upp í slíkum húsakynnum. Þá eru á Þverá merk útihús úr torfi og hafa fjárhús frá 1850 verið gerð upp, einnig fjós sem áfast er bæjarhúsunum.

Þjóðminjasafnið hefur horft til Þverár með það í huga að þar mætti reka búskap með gömlum vinnuaðferðum. Tilgangurinn væri að sýna ferðamönnum og komandi kynslóðum þennan hluta af menningararfi þjóðarinnar, sérstaklega þar sem á Þverá eru heildstæðustu búsetuminjar sem finnast á landinu.



Þar yfir altari ljómar
yndisleg, tárögur mynd,
perla, af handlist hrifin,
úr hugvitsins djúpu lind.
(Hulda)

Altaristafan í Þveráarkirkju frá 1879, máluð af Arngrími Gíslasyni málara eftir erlendri fyrirmynd.

*Sennilega hefur það ekki aðeins verið í barnsminni að athöfnin í kirkjunni 1958 var löng. Menn gáfu sér góðan tíma við messur. Englendingurinn John Coles var á ferð um Ísland sumarið 1881 ásamt tveimur félögum sínum og þremur íslenskum fylgdarmönnum. John skrifaði bók um ferð sína, *Summer Travelling in Iceland, sem kom út í Lundúnum 1882. Undir nafninu Íslandsferð gaf bókaútgáfan Hildur út íslenska þýðingu hennar, í fyrstu útgáfu 1964 og endurprentaða 1988. John og félagar komu frá Mývatni að Þverá í Laxárdal. John lýsir aðstæðum og atburðum á eftirfarandi hátt:**

Bóndinn tók einstaklega vel á móti okkur og vísaði okkur inn í stofu, sem var vel búin húsgögnum. Þegar við vorum búnir að þvo okkur, bauð húsbóndinn okkur upp í stofu sína, þar sem eldur brann glatt í ofni, eina ofninum, sem ég sá á íslenskum sveitabæ. Allt á þessum bæ bar vott um meiri snyrtimennsku og hagsýni en maður átti að venjast á íslenskum bæjum; herbergin voru snoturlega búin húsgögnum og mikið af bókum í hillum. Og þetta var ekki til að sýnast, því eftir skamma stund var okkur borinn kvöldverður, súpa, fiskur og kindakjöt, og á eftir ágætt kaffi og kökur; á meðan við borðuðm stóð húsbóndinn hjá og gætti þess að við fengjum nóg. Að máltíð lokinni bauð hann okkur aftur upp til sín til þess að við gætum reykt pípurnar okkar í ró og næði við notalegan ofnhitann. Síðan sýndi hann okkur þrjú þægileg

rúm, sem okkur höfðu verið búin. Þar sváfum við vært um nóttina og vöknuðum um morguninn við það, að ein af dætrum bónda kom inn með kaffi og kökur.

Þennan dag, 28. ágúst, var sunnudagur, og við ákváðum að halda kyrru fyrir fram eftir degi og vera við messu í litlu kirkjunni. Skömmu eftir klukkan ellefu fóru bændurnir í nágrenninu og konur þeirra að tínast að. Þau komu úr öllum áttum; loks kom presturinn og þá fóru allir út í kirkju, sem tekur líklega um hundrað manns í sæti. Alla guðsþjónustuna var sungið og það voru nokkrar ágætar raddir í kórnum, sem stjórnað var af organleikaranum. Presturinn var í rykkilíni og rauðum hökli með stórum gylltum krossi á, en fór í svarta hempu áður en hann steig í stólinn. Í miðri guðsþjónustunni skírði presturinn barn, hélt faðirinn á barninu, en presturinn rétti móðurinni það að skírnni lokinni. Kirkjan var hrein og snotur að innan, en máluð sterkum bláum og gulum lit, sem stakk í stúf við hinn fábrotna klæðnað safnaðarins, sem var með alvarlegan hátíðarsvip alla messuna. En mikið var um umgang meðan á messunni stóð, menn gengu út og inn eins og þeim þóknaðist og margir fóru áður en henni lauk. Ég held að þetta hafi verið vegna þess, hve messan var löng: fullir tveir tímar, þar af tók ræðan klukkutíma.

Þarna eru tvö ár liðin frá vígslu kirkjunnar. Bóndinn gestrisni er Jón Jóakimsson, 65 ára gamall. John minnst ekki á húsfreyjuna, Bergljótu Guttormsdóttur, seinni konu Jóns, en sennilega hefur hún þó staðið fyrir eldamennsku á kræsingunum sem Englendingarnir fá. Jón átti þrjár dætur af fyrra hjónabandi, Guðnýju, Aðalbjörg og Maríu. Guðný var gift þegar þetta var en Aðalbjörg (32 ára) og María (29 ára) hafa væntanlega verið enn í heimahúsum og önnur hvor hefur borið Englendingum kaffi og kökur á morgunsængina, en það geta hafa verið flatkökur. Presturinn úthaldsgóði hefur verið prófasturinn Benedikt Kristjánsson því fram kemur í framhaldinu að hann hafi verið bóndi á Grenjaðarstað.

Bækurnar í hillum á Þverá, sem John tekur eftir, hefur Arngrímur málari (fæddur 1829) bundið fagurlega inn. Hann var til heimilis á Auðnum 1855-1860. Í bók sinni um Arngrím (Íðunn 1983) tekur Kristján Eldjárn eftirfarandi upp: “Benedikt Jónssyni segist svo frá, að hann hafi oft haldið kyrru fyrir heima á Auðnum 3-5 mánuði á vetri hverjum og rekið bókband sitt af því kappi sem honum var lagið þegar hann var kominn að verki sem átti við skap hans. Meðal annars hafi hann bundið mikið af bókum fyrir föður hans, Jóns Jóakimsson á Þverá.”

Seinna á ferðalaginu eru John og félagar hans komnir að prestsetrinu Miklabæ í Skagafirði og John er Þverá enn hugleikin því hann segir um Miklabæ í ferðasöggunni:

Bær þessi var fremri öllum öðrum bæjum, sem ég sá í þessu landi, nema ef vera skyldi Þverá; allur búnaður, sem fram var borinn við morgunverðinn, jafnaðist á við það, sem sjá má á góðbúum á Englandi.

*Það er við hæfi að ljúka þessari samantekt á frásögn Huldu af jólamessu í Þveráarkirkju fyrir 120 árum. Kaflinn er tekinn úr Æskunni frá 1963 en Hulda skrifaði hann 1942. Már Viðar Mátsson, formaður Vinafélags Þveráarkirkju, ritaði upp allan þáttinn sem heitir **Íslenzk jól** og sendi ættingjum og vinum sem jólakveðju.*

Sjálf jólahelgin hófst með því, að lesinn var jólalesturinn og sálmur sunginn, bæði fyrir og eftir. Síðan var sezt að snæðingi. — Að máltíðinni lokinni bjuggust þeir til aftansöngs á kirkjustaðnum, sem þangað ætluðu. Hinir sátu heima og hvíldu sig eftir erfiði dagsins, lásu í guðsorðabókum, rauluðu eftirlætissálmana sína upp úr sálmabókinni, töluðu hljóðlega saman og sýndu hver öðrum jólagjafirnar. Börnin kvektu á kertunum sínum, horfðu inn í ljósið og sáu guðs dýrð í litla loganum.

Til forna var aftansöngur haldinn á jólanótt, en talið er að hann hafi lagzt niður skömmu fyrir miðja átjánduöld. — Þegar ég var barn voru jólanæturtíðir aftur upp teknar. Mun ég hafa

verið um tíu ára gömul, þegar fyrsti aftansöngur var haldinn á ný í Þverárkirkju í Laxárdal. Séra Matthías Eggertsson, síðar prestur í Grímsey, var þá nýlega orðinn prestur að Helgastöðum í Reykjadal og þjónaði við Þverárkirkju. — Það var talað um að nú ætti að verða aftansöngur, og allir fóru til kirkju.

Aldrei gleymi ég þeim dýrðarljóma, sem mér fannst vera yfir þessari guðspjónustu. Allt var ljósum prýtt og óvenju mikið sungið. Presturinn var ungur og ljúfmannlegur og hafði fagra rödd. Ræðan var örstutt, en söngurinn margbreyttari en venja var til og allt með einhverjum unaðslegum hátíðablæ í fallegu kirkjunni hans afa á Þverá.



HULDA hét réttu nafni Unnur Benediktsdóttir Bjarklind. Hún var fædd 6. ágúst árið 1881 á Auðnum í Laxárdal. Fyrsta bók hennar, *Kvæði*, kom út árið 1909, en eftir það sendi hún frá sér bæði kvæðasöfn og sögur. Eitt af þekktustu kvæðum Huldu er *Hver á sér fegra föðurland*.



Þverárkirkja í júní 2013.

Í 22. bindi ritraðarinnar *Kirkjur Íslands* (Hið íslenska bókmenntafélag 2013) skrifa Sverrir Haraldsson og Hjörleifur Stefánsson mjög fróðlegar greinar um Þverárkirkju, byggingarlist hennar og sögu.